

### **Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að velferðaryfirvöld rýmki reglur um ættingjaráðningar þegar kemur að því að ráða stuðningsfjölskyldur fyrir börn sem þess þurfa og hafa fengið samþykki fyrir. Mörg rök hníga að því að með því sé verið að hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Fulltrúa Flokks fólksins finnst leiðbeiningar og reglur um ráðningar ættingja sem stuðningsfjölskyldu of strangar. Reglurnar segja að ættingjaráðningar séu einungis heimilar í undantekningartilfellum. Almennt skyldi halda að það séu augljósir hagsmunir barnsins að ættingjar annist umönnun þess og að það sé barninu fyrir bestu að vera sem mest hluti af sínum ættingjagarði. Ef ættingi getur tekið að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu þegar slíkar aðstæður eru mætti ætla að það væri betra en að ókunnug fjölskylda annist barnið. Það er allt of mikil harka af hálfu borgarinnar að afar og ömmur og systkini foreldra megi ekki vera stuðningsfjölskyldur nema í undantekningartilfellum. Rök velferðaryfirvalda eru að hætta sé á að ættingja ráðningar verði misnotaðar. Við í Flokki fólksins teljum að sé óþarfa tortryggni. Við eigum að treysta borgarbúum eins og önnur sveitarfélög gera. Reykjavík er einsdæmi í þessu þegar kemur að sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins.